

um frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (BK, BÓ og SÁÓ) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt í meginatriðum, en minni hl. (GJ og StgrA) vill láta gera á því allverulegar breytingar, sem hann getur ekki heldur komið sér saman um. Hefur nefndin því þríklofnað í málinu, og gefur hver nefndarhluti út sitt álit um frv. Það skal tekið fram, að nefndin ræddi frv. við fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá Fiskifélagi Íslands, og var þeim m. a. gerðar kunnar þær breytingartillögur, sem ég ber fram við frv., og töldu þeir þær í meginatriðum til verulegra bóta.

Það er ljóst, að það er mikið vandaverk að setja löggjöf um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og líklegt, að hvað sem samþykkt kann að verða á fyrsta þingi, þá verði óhjákvæmilegt að endurskoða það síðar. Þegar reynsla hefur sýnt mönnum, hvað nauðsynlegt sé að forðast, til þess að lögin komi að tilætluðum notum. Hitt er þá og jafnljóst, að svo mikil nauðsyn ber til þess, að þetta mál nái fram að ganga nú, að ágreiningur um veigaminni atriði má ekki verða því að falli. Það er einnig ljóst, að málinu er hagur að því, að sem flest sjónarmið komi fram við umræður um það, þar sem það snertir ekki einasta afkomu útvegsins, heldur allra þegna þjóðfélagsins, á hvern hátt því verður skipað á Alþingi.

Meginágreiningurinn milli mín og meiri hl. felst í því, að ég vil, að sjóðnum séu tryggðar tekjur með útflutningsgjöldum af útfluttri veiði bátaútvegsins, í stað þess að taka gjöldin af óskiptum afla, og af innflutningstolli af vörum, í stað rikissjóðsframlags. Ég tel, að á þennan hátt sé innheimtan einfaldari og öruggari og tekjur sjóðsins ekki háðar afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Hvað viðvikur útflutningsgjaldinu er ljóst, að það að síðustu leggst óbeinlínis á óskiptan afla, þar sem það hlýtur að koma fram í lægra verði á hráefninu, og hvor leiðin, sem farin er, gefur samkv. mínum tillögum líkar tekjur. Að taka hinn hluta framlagsins með innflutningsgjaldi á vörur í stað framlags úr rikissjóði, er raunverulega aðeins fyrirkomulagsatriði, ef neytendum er ætlað að greiða gjaldið, því að rikissjóður yrði að leggja þessa upphæð aftur á þegnana og þá væntanlega með tollum á vörum. En samkv. mínum tillögum er ætlað til, að innflytjendur greiði þetta gjald og leggi það ekki á vöruna. Tel ég það mjög sanngjarna og eðlilega greiðslu fyrir gjaldeyri, sem allir þreyta nú harða baráttu um að ná í.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur frá Fiskifélagi Íslands, var aflaverðmæti árið 1947 sem hér segir:

1. Á sildveiðum	69.6 millj. kr.
2. — þorskveiðum	94.3 — —

eða alls 163.9 millj. kr.

Tekjur sjóðsins hefðu því orðið það ár samkvæmt ákvæðum frv. 1 millj. og 639 þús. kr. af óskiptum afla og sama upphæð úr rikissjóði, eða alls 3 millj. og 278 þús. kr. Þetta sama ár var útflutningsverðmæti sömu sjávarafurða 212.1 millj. kr. og gjöld til sjóðsins samkv. mínum tillögum þá orðið 1 millj. og 60.5 þús. En með því að inn voru fluttar þetta ár vörur fyrir 430.3 millj., hefðu þá fallið til viðbótar til sjóðsins 2 millj. og 151.5 þús., eða tekjur hans alls orðið það ár eftir mínum tillögum 3 millj. og 212 þús., eða nokkurn veginn það sama og tekjurnar samkv. fyrirmælum frv. Árið 1948 var aflaverðmætið nokkru minna, eða 127.9 millj., og tekjur sjóðsins þ. á. samkv. frv. því 2 millj. og 558 þús. Samkv. mínum tillögum hefðu tekjur af sjávar

afurðum orðið nákvæmlega sama upphæð og af aflahlut, þ. e. 1 millj. og 279 þús., en til viðbótar af vörugjaldi 1 millj. og 955 þús., eða alls 3 millj. og 234 þús. Sést á þessu, að í mínum tillögum felst mun öruggari tekjustofn fyrir sjóðinn, auk þess sem innheimtan er miklu auðveldari

Annar meginágreiningur milli mín og meiri hl. er sá, að ég vil láta ákveða meðal-aflamagn skipa eftir fastri reglu, er viðkomandi aðilar komi sér saman um, en ekki láta þetta vera háð sveiflum frá ári til árs, eins og ákveðið er í frv. Tel ég, að slíkar sveiflur valdi margvíslegum erfiðleikum, sem sjóðnum stafi bein hættu af.

Þriðji meginágreiningurinn er um fyrirkomulag á bótagreiðslum. Vill meiri-hl. láta bæta upp með mismunandi hundraðshluta, sem ákveðinn verði í lögunum, en ég vil láta greiða fullar bætur til skipa í þeim flokki, sem bótaskyldu á á hverjum tíma, allt að þeirri upphæð, sem ekki er bótaskyld í næsta flokki.

Fjórti meginágreiningurinn er, að ég vil aldrei láta skerða stofnfé sjóðsins, heldur bæta við það jafnan 5% af tekjum hans, en meiri hl. ætlast til, að möguleikar séu fyrir því, að sjóðnum verði í erfiðum árum eytt að langmestu leyti, en slíkt tel ég, að ekki megi ske.

Annar ágreiningur milli mín og meiri hl. er ekki allverulegur. Ágreiningur milli mín og 2. minni hl. er í sumum atriðum sá sami og við meiri hl., en auk þess get ég ekki fallið á, að sjóðnum séu ætlaðar tekjur af gróða bankanna. Ekki vegna þess, að ég teldi það ekki eðlilegt og rétt, að þær stofnanir, sem vitað er að taka allverulegan hluta af tekjum sínum í heinum tekjum frá útvegnum, greiddu einnig á þennan hátt til útvegsins nokkurn hluta af ágóða sínum til tryggingar öruggri starfrækslu hans, heldur af hinu, að ég tel, að þetta sé ekki hægt að óbreyttum lögum um skatt-frelsi þessara stofnana.

Með tilvisun til þess, sem að framan greinir, legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
 - a. Orðin „með herpinót eða svipuðum veiðarfærum“ í 2. málsg. falli niður.
 - b. Orðin „ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti“ í 3. mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Með reglugerð, er sjóðstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnnum eftirfarandi aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:

 1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiði allt bótatímabilið, skerðist bótaréttur þess við það hlutfallslega.
 2. Skiptingu veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
 3. Skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnadar o. fl.
 4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda.

Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Kemur þá til aðstoðar sjóðsins, með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

4. Við 6. gr.
- a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn, á þann hátt sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, annar samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þriðji án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.
 - b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
Ráðherra ákveður laun sjóðstjórnarinnar og endurskoðenda.
 - c. Í stað orðanna „Fiskifélag Íslands“ í 2. mgr. komi: Fiskveiðasjóður Íslands.
5. Við 7. gr. 2. meginmálsgr. falli niður.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Árlegar tekjur sjóðsins eru:
1. $\frac{1}{2}\%$ útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
 2. $\frac{1}{2}\%$ innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast. Skal gjald þetta reiknast af verði vörunnar á sama hátt og annað vörugjald og greiðist af innflytjendum vörunnar, og má ekki bæta því við söluverð hennar.
 3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar. Tekjur samkvæmt 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna síldveiða falla til síldveiðideildar, en tekjur vegna þorskveiða til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. lið skiptast til deildanna í sömu hlutföllum.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það byrjar og tilkynna þá jafnframt, hvar og hvers konar veiði skipinu er ætlað að stunda. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk, sbr. 4. gr. Skylt er einnig að tilkynna stjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum.
8. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur samkv. 5. gr. Ber sjóðnum þá að bæta upp aflahlut allra þeirra skipa, sem tilheyra þeim flokkum, er eigi hafa náð meðalafلامagni, án tillits til aflamagns einstakra skipa innan flokkanna. Þó skal engan hlut bæta upp meira en svo, að hann verði jafnhár að verðmæti meðalafلامlut skipa í öðrum flokki, sem ekki ná rétti til bóta úr sjóðnum og stunda sams konar veiðar. Uppbætur greiðast jafnt á hluti útgerðarinnar sem skipverja. Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Í stofnsjóð skal leggja árlega 5% af tekjum sjóðsins, og má aldrei ganga nær sjóðnum en svo, að eftir sé stofnsjóðurinn þannig óskertur.
9. Við 11. gr. Orðin „í þeirri röð, sem hér er talið“ í meginmálsgr. falli niður.
10. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar.
11. Á eftir 14. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Fella skal niður greiðslu til hlutaútgerðarfélaga samkvæmt 7. gr. laga nr. 45 12. febr. 1940, eftir að lög þessi taka gildi.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Gísli Jónsson,
form.